

<b>VEGAGERÐIN</b>	
Vesturland	
Mótt. - 4 úni. 2005	
Skjalalykill	20.10
Málsnr.	2004100002



Vegagerðin í Borgarnesi  
Auðunn Hálfánarson  
Borgarbraut 66  
310 Borgarnes

## Fornleifavernd ríkisins

Suðurgata 39, 101 Reykjavík  
Sími: 555 6630, Bréfsími: 555 6631  
Heimasíða: [www.fornleifavernd.is](http://www.fornleifavernd.is)

Minjavörður Norðurlands vestra  
Aðalgata 2, 550 Sauðárkrókur  
Sími: 4536203, Bréfsími: 4537998

Sauðárkrókur 28.09.2005

*Fvr 2005090036 ISUP*

### Efni: Hringvegur um Hrútafjarðarbotn

Á samráðsfundi minjavarðar Norðurlands vestra með fulltrúum Vegagerðarinnar, sem haldinn var á Sauðárkróki þann 25. maí 2005, var óskað eftir ábendingum Fornleifaverndar um atriði sem snerta fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði við gerð Hringvegar um Hrútafjarðarbotn. Minjavörður Norðurlands vestra, Þór Hjaltalín, fór fram á að fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði yrði skráðar svo hægt væri að meta áhrif framkvæmdanna á minjarnar og taka afstöðu til þeirra tillagna um vegalínur sem liggja fyrir. Nú hefur Fornleifavernd ríkisins borist skýrslan "Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum vegagerðar í botni Hrútafjarðar" eftir Bryndísi Zoega, Guðnýju Zoega og Sigríði Sigurðardóttur, Byggðasafni Skagfirðinga. Samkvæmt þeirri skýrslu voru níu fornleifar skráðar á framkvæmdarsvæðinu. Eftirfarandi umsögn er byggð á þeirri skýrslu og þeim tillögum að veglínunum sem þar eru birtar.

#### Veglína til austurs

##### **Leið AA**

Þrjár fornleifar eru skráðar í fyrirhugaðri veglínu AA. Tvö heystæði (144048-5-3 og 142188-108-4) og ein reiðgata (144048-5-4). Auk þess er gerði (144019-6-1) með hugsanlegum húsatóftum í um 40 metra fjarlægð frá núverandi vegi.

##### **Leið AB**

Þrjár fornleifar fundust í fyrirhugaðri veglínu AB. Tvö heystæði (144048-5-3 og 142188-108-4) og reiðgata (144048-5-4). Stekkur (144048-5-1) er aðeins 13 metra frá miðlínu vegar og verður því fyrir raski vegna vegaframkvæmdanna. Gerði (144019-6-1) er í um 40 metra fjarlægð frá núverandi vegi og mógrafir (144048-5-2) í um 30 metra fjarlægð frá miðlínu fyrirhugaðrar veglínu.

Veglínurnar liggja saman á kafla við suðurenda (frá 5000-6000) og fara þar báðar yfir tvær fornleifar (142188-108-4, 144048-5-3). Ef hægt væri að hnika veglínunni frá fornleifunum á þessum kafla væri veglína AA orðin mjög vænlegur kostur þar sem þetta eru

helstu fornleifarnar sem lenda á þeirri veglínu. Báðar veglínurnar skera reyndar gamla reiðgötu (144048-5-4), lína AA í kringum 7300 og lína AB í kringum 7250, en hjá því verður varla komist. Veglína AB liggur á kafla (6000-8200) austar en veglína AA og lendar þar á svæði (7000-7700) þar sem er að finna stekk (144048-5-1) og mógrafir (144048-5-2). Ef þessi leið er valin óbreytt kallar það á frekari fornleifarannsóknir. Veglínurnar liggja svo saman er norðar dregur (kringum 8000). Nauðsynlegt er að hafa aðgát við gerði (144019-6-1) og fer Fornleifavernd ríkisins fram á að það svæði verði afgirt með áberandi borða til að koma í veg fyrir rask af völdum framkvæmdanna.

#### **Veglína til vesturs**

##### **Leið BA**

Tvær fornleifar eru skráðar í fyrirhugaðri veglínu BA. Bæjarhóll (142188-108-1) og tóft með óþekkt hlutverk (142188-108-2). Á bæjarhólnum sjást ekki lengur neinar húsarústir en skýrsluhöfundar telja líkur á því að í hólnum leynist miklar minjar. Tóftin er aftur á móti að mestu eða öllu leyti horfin.

##### **Leið BB**

Veglína BB er nyrst. Skýrsluhöfundar fundu engar minjar í eða við þá veglínu. Hún mun fylgja núverandi vegi þar sem bæjarhóllinn (142188-108-1) er, en frá veginum og að gamla bæjarstæðinu eru um 10-15 metrar.

##### **Leið BC**

Tvær fornleifar eru skáðar í fyrirhugaðri veglínu BC, þær sömu og eru í veglínu BA. Bæjarhóll (142188-108-1) og tóft með óþekkt hlutverk (142188-108-2).

##### **Leið BE**

Tvær fornleifar eru skáðar í fyrirhugaðri veglínu BE. Mógrafir (142188-108-3) og heystæði (144048-5-3).

Leið BB er hér vænlegasti kosturinn. Engar fornleifar eru þeirri leið en nauðsynlegt er að hafa aðgát við bæjarhóllinn (142188-108-1) og fer Fornleifavernd ríkisins fram á að það svæði verði afgirt með áberandi borða til að koma í veg fyrir rask af völdum framkvæmdanna ef sú leið verður valin. Ef leið BA eða BC er valin þá kallar það á frekari fornleifarannsóknir á bæjarhólnum en ekki er gerð krafa um frekari rannsókn á tóftinni (142188-108-2) sem er að mestu horfin. Ef leið BE er valin þarf að fara fram frekari rannsókn á tóftinni (144048-5-3).

Að lokum er rétt að minna á 13. grein þjóðminjalaga en þar segir: "Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifarnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum."

Fyrir hönd Fornleifaverndar ríkisins,



Sólborg Una Pálsdóttir  
Verkefnastjóri skráningarmála

Afrit sent Skipulagsstofnun